

# Ljóðrænt raunsæi

Hringur sýnir að Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsal

Pegar spænski málarinn Salvador Dalí tók við að fletta ofan af því húmbúkki sem hann taldi óhlutbundna list vera, afmarkaði hann ferhyrndan blett á einni af riddaraliðsmyndum 19. aldar málars Ernest Meissoniers og sagði: „Par hafid þið óhlutbundna list. Meissonnier er fyrsti abstraktmálarinn“.

Ferhyrningurinn sem Dalí afmarkaði var hluti af grasinu undir hófum hestanna, málað af nákvæmni raunsæismálarans. Pagar hlutinn var hins vegar slitinn frá heildinni reyndist mönnum örðugt að kenna þar grasið. Það virtist ekki vera annað en samansafn af óhlutkenndum pensilstrofum. Þessi opinberun var liður í tilraunum Dalís til að sýna fram á það að impressionistarnir og eftirmenn þeirra hefðu afvegaleitt málalalista. Þeir hefðu stolið heidrinum sem Meissonnier og hans líkum bar, auðvitað með svindli og lygum um eigið ágæti.

Halldór B. Runólfsson  
skrifar um

## myndlist

Þetta anekdotíska uppátæki Dalís kom mér í hug þegar ég leit myndir Hringu Jóhannessonar augum, þar sem þær hanga í vestursal Kjarvalsstaða. Hringur heldur þar sína 21. einkasýningu og hefur þar að auki lagt undir sig Ásmundarsal við Freyjugötu, þar sem hann sýnir olíupastelmyndir. Samanlagt eru þetta 145 myndir, flestar unnar á undanförunum þremur árum.

En hvað var það í uppátæki Dalís sem tengdist myndum Hringu? Hefðu menn lítið ögn gagnrýnni augum á Dalí og þá hugmynd sem hann var að setja fram, kynnu þeir að hafa komið auga á alvöruna sem lá að baki því sem vakti kátínu þeirra og kitlaði hláturstaugarnar. Í hugmyndinni fólst nefnilega sú spurning/staðhæfing, hvort abstrakt væri nokkuð annað en tilfærsla áherslu frá hinu altæka til hins sérstæða.

Í bestu verkum sínum færir Hringur einmitt til áherslu, án þess þó að fórna raunsæjum stíl sínum. Hann leggur ekki áherslu á litinn óháð forminu eins og Kandinsky gerði, eða formið óháð fyrirmynd eins og Mondrian, heldur hnikar hann til sjónarhornum.

Þannig hverfur hann aldrei eins langt frá hinu altæka og óhlutbundnir listamenn gera, en er samt örlítið á skjön við það, nægilega mikið til þess að fá áhorfandann til að nema staðar og klóra sellurnar á hreyfingu í kollinum.

Sjónarhorn Hringu eru fundin með athugun fyrirmýnda og fyrirbæra í náttúrunni. Hann er því nokkurs konar impressionisti, jafn háður motvínu og þeir. Reyndar eru margar grasamyndir hans ekki ósvipaðar málverki Van Goghs af löngu grasi og fírdildum (Þjóðlistasafnið í London), þótt teikningin ráði meiru í verkum Hringu en liturinn í mynd Hollendingans. En bæði er að Hringur gengur mun nær fyrirmýndum sínum, dregur meir úr tengslum við umhverfi sitt og hitt að myndir hans skirskota beinna til ljósmyndarinnar og áhrifa hennar á málverkið.

Þrátt fyrir sterkraussett yfirbragð og skarpan fókus, er ljóðræn heidríkja yfir þessum verkum. Blær þeirra er ekki bundinn hverfuleik þeim sem setur mark sitt á litbrigði impressionismans, heldur stafar frá þeim kyrrð og ró einhvers eilífs varanleika.

Það eru slíkar myndir framar öðrum sem lyfta upp þessari gríðarstóru sýningu og gera Hring að verðugum fulltrúa þess raunsæis sem spratt upp þegar áhrif abstraktlistarinnar tóku að dvína. Það hefur stundum verið kallað ofurraunsæi (hyperrealismi), en Hringur getur vart talist til þeirrar stefnu þótt einhverra áhrifa frá henni gæti í verkum hans. Hann sver sig fremur í ætt við hinn stóra hóp raunsæismálara sem unnið hafa að list sinni í kyrrþey, án þess að skeyta nokkru um stefnur sem sett hafa svip sinn á öldina. Hvað þróun varðar virðist Hringur hafa öll efni til þess að dýpka enn frekar persónulegan stíl sinn, því hann er teiknari ágætur og tengsl hans við heimabyggðina norður í Aðaldal (þaðan sem merkustu verkin eru sprottin), hljóta að orka sífellt sterkari á myndhugsun hans.

Það er þó eitt sem Hringur verður að varast, en það er dreifing krafta í allt of margar áttir. Það er nokkur galli á sýningunum að Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsal, að einbeitingu vantar á það sem persónulegast er. Það er spurning um að velja milli fyrirmýnda og hafna þeim lakari. Undan þeirri kvöð virðast Hringi hætt við að skotra sér. Á alltof mörgum stöðum notar hann raunsæjan stíl sinn við túlkun algildra viðfangsefna, vitandi vits að slík brúkun realismans leið undir lok fyrir allmörgum

áratugum. Raunsæið hvarf af sjónarsviðinu sem allsherjarstíll, vegna þess að það dugði ekki lengur til að lýsa margbreytileik tilverunnar á sannverðugan hátt.

Kanarímyndirnar og margar landslagsmyndanna þar sem almenn túlkun fjalla og firninda verður áberandi, draga því beinlínis úr styrk áður nefndra verka og bæta litlu við ágæti Hringu. Kanarímyndirnar eru ekki ósnottar út af fyrir sig og margar hverjar geisla af húmor og léttleik. Einkum eru það teikningarnar sem gefa þeim gildi. En þær leiða lítið annað í ljós en fingrafimi, nokkuð sem Hringur þarf ekki að opinbera sérstaklega.

Hér vantar hvorki hæfni né tækni, heldur grisjun á verkum líkt og skógi, svo trén fái notið sín. Þar sem spurningin er um „of“ en ekki „van“, ættu Hringi að vera hæg



1. mynd: Skuggamynd. Dæmi um næma athugun málarsans.

heimatökin. Hann skynjar það manna best hvar styrkur hans liggur, einkum þegar hann sér verk

sín öll á einu bretti og getur borið þau saman með lítilli fyrirhöfn. HBR.

## Hugmynda- samkeppni um aukna hagsýni í opinberum rekstri

Ríkið og Samband íslenskra sveitarfélaga vilja auka hagsýni í opinberum rekstri.

Markmiðið er að bæta þjónustu hins opinbera við borgarana en lækka kostnað við hana.

Málið varðar alla landsmenn. Þess vegna hefur verið ákveðið að efna til hugmynda-samkeppni, þar sem öllum er heimil þátttaka og veita þrenn verðlaun fyrir áhugaverðustu tillögurnar sem nefndinni berast. Verðlaunin verða að fjárhæð 10.000 kr., 7.500 kr. og 5000 kr.

Skilafrestur er til 1. júní nk.

**Hagræðingartillögurnar skal senda:**

Samstarfsnefnd um hagræðingu í opinberum rekstri

pósthólf 10015 130 Reykjavík eða í

Fjármálaráðuneytið, Fjárlaga- og hagsýslustofnun Arnarhvoli 101 Reykjavík.



### Námskeið fyrir hjúkrunarfræðinga

Námskeið í kennslufræði verður haldið dagana 19.-27. mars n.k. Þátttaka tilkynnist fyrir 9. mars á skrifstofu Hjúkrunarfélags Íslands sem gefur nánari upplýsingar.

## Rafmagnsbilun!

Neyðar - þjónusta  
nótt sem nýtan dag



**RAFAFL**  
SÍMI: 85955

NEYTENDAÞJÓNUSTA



**HAGSÝNI**  
Betri þjónusta — Lægri kostnaður



'84